

**Nr. 134 / 09 Mars RE 205*****Fær trollið í skrúfuna og dreginn til hafnar***

*Skipaskr.nr.* 2154  
*Smíðaður:* Fredrekshavn Dagmörku 1980, stál  
*Stærð:* 484,3 brl. 790,8 bt.  
*Mesta lengd:* 48,65 m *Skráð lengd:* 42,62 m  
*Breidd:* 9,5 m *Dýpt:* 6,55 m  
*Vél:* Berger Diesel 1470 kW, 1988  
*Fjöldi skipverja:* 13



Mars © Þorgeir Baldursson

**Gögn:**  
Gögn RNS

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnargagni í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 23. nóvember 2009 var Mars RE 205 að togveiðum á Halanum. Veður: NA 13-18 m/sek.

Verið var að taka trollið en viðgerð á lengjunni stóð yfir á dekkinu og hékk það aftan við skutinn en haldið með hægri ferð upp í veðrið á meðan. Á einni öldunni seig skipið afturí og lenti belgurinn undir skutinn og fór í skrúfuna.

Skipstjóri hafði samband við Pál Pálsson ÍS og bað hann um að draga þá til Ísafjarðar sem hann gerði.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipstjórinn sagði að meðstraumur hafi verið upp í ölduna og sennilega hefði hann verið með of lítinn skrúfuskurð svo skipið lenti yfir trollið.

***Nefndarálit:***

Nefndin telur orsök þess að belgurinn fór í skrúfuna hafi verið sú að of litlu vélarafli hafi verið beitt.